



## Fundargerð

**Aðalfundur Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga (KVH) haldinn að Borgartúni 6, Reykjavík, fimmtudaginn 19. mars 2015.**

**Fundur settur kl. 12:00 og slitið kl. 13:15.**

Formaður setti fundinn og bauð félagsmenn velkomna.

Kosning fundarstjóra og fundarritara:

- Fundarstjóri: Jóngeir Hlinason
- Fundarritari: Ragnheiður Ragnarsdóttir

### **Dagskrá, samkvæmt lögum félagsins:**

- Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári
- Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár
- Skýrslur og tillögur nefnda
- Tillögur félagsstjórnar
- Kosning í embætti stjórnar og önnur trúnaðarstörf
- Lagabreytingar
- Ákvörðun félagsgjalda
- Fjárhagsáætlun og fjárfestingastefna félagsins
- Önnur mál

#### **1. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári.**

Formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar fyrir árið 2014. Skýrslu stjórnar ásamt reikningum og öðrum fundargögnum var dreift á fundinum.

#### **2. Reikningsskil.**

Ársreikningi félagsins var dreift á fundinum. Gjaldkeri kynnti reikninga KVH og Vísindasjóðs KVH fyrir árið 2014.

Rekstrartekjur KVH voru kr. 47.752.473 og gjöld kr. 50.690.637. Tap ársins 2014 að teknu tilliti til fjármagnsliða var kr. 2.884.349. Eigið fé í árslok 2014 var kr. 27.510.157.

Gjaldkeri fór yfir ársreikning Vísindasjóðs KVH, en tekjur hans deilast niður á þá félagsmenn á almennum markaði sem hafa aðild að sjóðnum og félagsmenn hjá sveitarfélögum. Vísindastyrkir eru greiddir út í febrúar. Innborganir 2014 voru kr. 23.832.687. Veittir styrkir voru kr. 18.089.245. Mismunurinn ræðast fyrst og fremst af því að ekki hefur tekist að ná í alla aðila sem rétt eiga á styrk.

Opnað var fyrir fyrirspurnir frá félagsmönnum um skýrslu stjórnar og ársreikningana.

Halla S. Sigurðardóttir skoðunarmaður reikninga greindi stuttlega frá endurskoðunarvinnunni.

Ábending kom frá fundarmanni um orðavillu í skýrslu stjórnar. Verður leiðrétt.

Fyrirspurn: Hver er munurinn á iðgjöldum og félagsgjöldum í Vísindasjóð? Skilgreiningaratriði sem verður rætt við endurskoðanda.

Fyrirspurn: Hvað er á bak við liðinn ráðstefnur og ferðakostnaður? Formaður greindi frá því að kostnaðurinn væri tilkominn vegna ferðar formanns og framkvæmdastjóra til Akureyrar til fundar við félagsmenn þar og háskólanema.

Ársreikningur borinn undir atkvæði og hann samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

Ársreikningur Vísindasjóðs KVH var borin undir atkvæði og hann samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

### 3. Skýrslur og tillögur nefnda.

Engar nefndir starfandi og því engar skýrslur.

### 4. Tillögur félagsstjórnar.

Engar tillögur félagsstjórnar.

### 5. Kosning í embætti stjórnar.

Fundarstjóri óskaði eftir samþykki fundarmanna fyrir því að formaður, gjaldkeri og einn meðstjórnandi verði kosin til 2ja ára en ritari og annar meðstjórnandi til eins árs, í þetta sinn. Á næsta aðalfundi verði þá kosið um ritara og einn meðstjórnanda til 2ja ára, en ekki í hin embættin.

Ástæða þessa er sú að ný lög KVH sem samþykkt voru á síðasta aðalfundi félagsins segja m.a. að kjörtímabil aðalmanna skuli vera tvö ár en varamanna eitt ár. Hins vegar skal haga kosningu þannig að kosið sé til embættis formanns, gjaldkera og eins meðstjórnanda á sama aðalfundi og svo til embættis ritara og eins meðstjórnanda á þeim næsta.

Tillaga fundarstjóra var einróma samþykkt.

Birgir Guðjónsson gaf áfram kost á sér í starf formanns stjórnar. Einn í framboði og hann því sjálfkjörinn. Hann var kosinn til tveggja ára skv. tillögu fundarstjóra.

Ársæll Baldursson gaf áfram kost á sér í starf gjaldkera. Ekkert mótframboð barst og hann því sjálfkjörinn. Kosinn til tveggja ára skv. tillögu fundarstjóra.

Ragnheiður Ragnarsdóttir gaf áfram kost á sér í starf ritara stjórnar. Ekkert mótframboð og hún því sjálfkjörin. Kosin til eins árs skv. tillögunni.

Fundarstjóri gat þess síðan að eiginleg kosning væri milli þriggja frambjóðenda um tvö sæti meðstjórnenda. Í framboði voru Stefán Þór Björnsson, Helgi Þór Jónasson og Helga Sigurðardóttir. Frambjóðendur kynntu sig.

Fundarstjóri lagði til að fundarmenn greiddu atkvæði um tvo (merktu við eitt eða tvö nöfn af þremur) á atkvæðaseðli. Niðurstaðan yrði túlkuð þannig að sá sem fengi flest atkvæði teldist kjörinn til 2ja ára, sá sem fengi næst flest atkvæði teldist kjörinn til eins árs. Sá sem að fengi færst atkvæði teldist frambjóðandi til varastjórnar. Síðasta atriði tillögunnar hlaut ekki samþykki fundarmanna.

Gengið var til kosninga meðstjórnenda. Greidd voru 45 atkvæði á 34 seðlum. Einn seðill auður. Niðurstöður voru:

Stefán Þór Björnsson hlaut 19 atkvæði og því réttkjörinn til tveggja ára.

Helga Sigurðardóttir hlaut 15 atkvæði. Réttkjörin til eins árs.

Helgi Þór Jónasson hlaut 11 atkvæði.

Þar sem tillaga fundarstjóra um að sá sem hlyti fæst atkvæði yrði sjálfkrafa varamaður var ekki samþykkt var ákveðið að opna fyrir framboð á fundinum í sæti þriðja varamanns. Sigríður Svavarsdóttir og Hjálmar Kjartansson höfðu boðið sig fram með löglegum fyrirvara, þ.e. fyrir 1. mars. Óskað var eftir framboðum. Aðeins Helgi Þór Jónasson gaf kost á sér og var hann því sjálfkjörinn í varastjórn til eins árs ásamt Sigríði og Hjálmar.

**6. Kosning skoðunarmanna.**

Jóngeir Hlinason og Halla S. Sigurðardóttir gáfu kost á sér áfram og voru sjálfkjörin til tveggja ára.

**7. Lagabreytingar.**

Engar lagabreytingar.

**8. Ákvörðun félagsgjalda.**

Tillaga gjaldkera:

Félagsgjöld eru 0,6% og lagt til að þau standi óbreytt. Samþykkt einróma.

**9. Fjárhagsáætlun og fjárfestingastefna**

Gjaldkeri fór yfir rekstraráætlun KVH fyrir árið 2015. Greindi frá ágreiningi KVH við BHM varðandi greiðslur KVH til bandalagsins.

Fyrirspurn/athugsemd: Hvers vegna er áfram verið að áætla hærri fjárhæð inn á liðinn greiðsla til BHM þegar málið er í skoðun, þ.e. ekki liggur fyrir niðurstaða um hver gjöldin skuli vera? Gjaldkeri tók undir athugsemdina og benti á að þessi útgjaldaliður hefði kannski átt að vera undir öðrum kostnaði.

Fjárfestingarstefna: Formaður lagði til að hún verði óbreytt. Eingöngu er fjárfest í ríkisbréfum.

Fjárhagsáætlun og fjárfestingarstefna félagsins borin undir atkvæði. Samþykkt einróma.

**10. Önnur mál.**

Gjaldkeri sagði frá Vísindaferðum. Hann greindi frá hvernig staðið væri að þeim, hversu góð mætingin var almennt og mikilli ánægju meðal nemenda. Í kjölfar Vísindaleiðangra hefur skráning í námsmannaaðild að KVH aukist mikið. Stjórn félagsins metur það svo að Vísindaleiðangrar séu ein af bestu markaðsaðgerðum KVH. Þá hefur orðið mikil aukning félagsmanna frá almenna markaðnum, en hlutur félagsmanna á almenna markaðinum er nú orðinn 38%

Fleira ekki gert.

**Formaður sleit fundi kl. 13:15.**